


TEIÐUÐ & TILBÚIN



Gefðu haldaranum
frí og láttu bakið
njóta sín! Hérna er
allt sem þú þarft að
vita um teip notkun



GERÐU PRÓF

1

Límdu lítinn bít af teipi á brjóstið, láttu hann vera í 24 klukkustundir og fylgstu með hvernig húðin bregst við. Ef roði eða erting kemur fram skal fjarlægja teipið strax.

UNDIRBÚÐU HÚÐINA

2

Við mælum með að undirbúa húðina 1-2 dögum áður en þú teipar. Þurrbursta bringusvæðið eða taka léttann skrúbb í sturtunni til að fjarlægja dauðar húðfrumur eða gamla brúnku. Það má setja rakakrem einhverjum dögum áður en “möst” að fjarlægja daginn sem teipið er notað.

SETTU Á HREINA HÚÐ


3

Mikilvægt að engin krem, olíur eða sviti sé á húðinni þegar teipið er sett á annars helst það ekki. Teip má aðeins setja á heilbrigða, hreina húð.

ÁVEÐA HVERNIG Á AÐ TEIPA

4

Ákveddu hvernig þú ætlar að nota teipið og klipptu rúlluna niður í viðeigandi strimla. Við mælum með að rúnna alla enda á teip strimlunum þá losna þeir síður frá. Það er gott að nota þartilgerð “nipple cover” undir teipið en einnig er hægt að setja bómull yfir geirvörtuna og smá bít af rúllunni til að festa.



STREKKTU Á HÚÐINNÍ EKKI TEIÐINU

5

Notaðu hendurnar til að lyfta brjóstinu og legðu svo teip strimilinn yfir. Það þarf oft nokkra strimla til að fá lyftinguna og “lookið” sem er verið að sækjast eftir. Til að forðast húðertingu skaltu teygja eins lítið og hægt er á teipinu sérstaklega fyrstu umferðina, þar sem teipið fer beint á húðina.

Eftir að fyrsta lagið er komið á má teygja á teipinu. Erting, sár og blöðrur geta myndast á húðinni ef teigt er á teipinu við ásetningu, þess vegna er þetta mjög mikilvægt atriði.

HVAR ER BEST AÐ BYRJA?

6

Byrjaðu að teipa c.a 3 cm undir geirvörtu. Það þarf að gæta þess að þegar seinni umferð er farin þá verður teipið að grípa í húð og fara svo yfir fyrstu umferð. MUNA: leggja fyrsta partinn af teipinu á húðina og strekkja bara þar sem teip er undir. Sama gildir með báða enda teipsins, það þarf að grípa í húð báðu megin.

HVAR ER BEST AÐ BYRJA?

7

Við mælum að sjálfsgöðu með “Tape remover” frá Bra Tape. Það er 100% náttúruleg möndluolía (sweet almond oil), sem leysir upp límið, fjarlægir límbandið sársaukalaust og gefur húðinni raka eftir teipið.

- Notaðu olíu: Bleyttu teipið vel með barnaolíu, kókoshnetuolíu eða góðri líkamsolíu. Olían leysir upp límið svo það sleppi takinu.
- Bíddu í nokkrar mínútur: Láttu olíuna liggja á í 5–10 mínútur áður en þú reynir að ná því af.
- Dragðu varlega: Ekki rífa teipið af eins og plástur. Dragðu það hægt og rólega í sömu átt og hárin vaxa, á meðan þú heldur við húðina með hinni hendinni.
- Heitt vatn: Það getur líka hjálpað að fara í ferska sturtu og nota volgt vatn samhliða olíunni.

HUGSAÐU UM HÚÐINA EFTIR AÐ HAFA TEIPAÐ

Ekki er mælt með að teipa tvo daga í röð. Berðu rakakrem eða olíu á bringuna eftir teipið. Við mælum líka með BraTape maskanum sem er sérstaklega hannaður til að gefa raka og auka kollagen framleiðslu.

GANGI ÞÉR VEL!!



EKKI

- Setja teipið á pirraða, nýsolaða eða viðkvæma húð.
- Nota teipið tvo daga í röð.
- Nota teipið í miklum hita eða láta það vera í beinu sólarljósi – því heitara sem teipið verður, þeim mun erfiðara er að fjarlægja það.
- Nota teipið á meðgöngu eða meðan á brjóstagjöf stendur.
- Nota teipið ef þú finnur fyrir húðertingu eftir notkun plástra eða annarra límefna.
- Nota teipið ef þú ert með exem, sóríasis eða aðra húðsjúkdóma.